



Eyþór Ingi Jónsson er fæddur og uppalinn í Dalasýslu, þar sem hann hóf tónlistarmenntun sína sex ára gamall. Hann nam síðar orgelleik hjá Fríðu Lárusdóttur við Tónlistarskólann á Akranesi. Síðan lærði hann orgelleik, kórstjórn og hliðargreinar við Tónskóla Þjóðkirkjunnar undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Smára Ólasonar o.fl. Eyþór lauk Kantorsprófi frá skólanum vorið 1998. Við tók 7 ára nám við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð fyrst við kirkjutónlistardeild og síðar við konsertorganistadeild. Þaðan lauk hann prófi með hæstu einkunn vorið 2007. Orgelkennari hans var prófessor Hans-Ola Ericsson og einnig hefur hann lært hjá prófessor Gary Verkade. Hann hefur einnig sótt námskeið hjá fjölda þekktara kennara víða um Evrópu.

Auk þess að leggja áherslu á orgelleik í námi sínu hefur Eyþór lagt mikla áherslu á kórstjórn. Kennari hans var prófessor Erik Westberg. Eyþór hefur kennt orgelleik, spuna og kórstjórn ásamt fræðigreinum í Svíþjóð og á Íslandi. Nú kennir hann við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann hefur haldið hátt í 100 einleikstónleika hérlendis og erlendis. Einnig hefur hann leikið með fjölda hljóðfæraleikara og söngvara. Í janúar 2009 flutti Eyþór orgelkonsert eftir Marco Enrico Bossi ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hann hefur einnig stjórnað hljómsveitinni í verkinu Missa Dei Patris eftir Jan Zelenka.

Eyþór starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju. Einnig er hann stjórnandi kammerkórsins Hymnodia. Eyþór hefur einbeitt sér annars vegar að flutningi tónlistar frá 17. öld og hinsvegar nútímatónlistar og spuna, bæði fyrir orgel og kór. Hann situr í ýmsum fagráðum og nefndum og er listrænn stjórnandi Barokksmiðju Hólastiftis. Eyþór var bæjarlistamaður Akureyrar 2011-2012.